



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ALPJÓÐA EFNAHAGSPINGIÐ Í DAVOS

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sækir í þessari viku Alþjóða efnahagsþingið, World Economic Forum, sem haldið er í Davos í Sviss. Þingið sækja þjóðarleiðtogar víða að úr veröldinni, sérfræðingar, forystumenn í atvinnulífi og viðskiptum, fulltrúar almannasamtaka og baráttuhreyfinga sem og stjórnendur margra alþjóðastofnana.

Forseti ræddi í morgun við alþjóðlegu sjónvarpsstöðvarnar CNN, Bloomberg, Fox og Sky og mun einnig ræða við ríkissjónvarpið í Kína CCTV, arabísku sjónvarpsstöðina Al Jazeera og fleiri fjölmiðla, m.a. um þróun efnahagslífs á Íslandi, samspil lýðræðis og markaða og málefni Norðurslóða.

Í morgun, miðvikudaginn 23. janúar, flutti forseti ávarp á málstofu um hlutverk almannasamtaka, baráttuhreyfinga, málefnaþópa og annarra sjálfsprottinna samtaka almennings í viðbrögðum nútíma þjóðfélaga við alvarlegum áföllum, bæði efnahagslegum og af völdum náttúruafla. Ræddi forseti um áhrif almennings og baráttusamtaka á stefnuna sem tekin var í kjölfar bankahrunsins og hlutverk sjálfboðaliða, Landsbjargar, Rauða krossins og annarra í hjálparstarfi í kjölfar margvíslegra náttúruhamfara.

Þá mun forseti taka þátt í nokkrum fundum um Norðurslóðir, brýn verkefni í kjölfar hlýnunar jarðar og um vaxandi áhuga margra ríkja á náttúruauðlindum á Norðurslóðum og opnun nýrra siglingaleiða.

Einnig mun forseti sækja fundi um verndun og nýtingu úthafanna, nýsköpun lýðræðis og þróunina í Evrópu ásamt því að eiga fundi með ýmsum forystumönnum sem sækja Efnahagsþingið, stjórnendum alþjóðastofnana og þjóðarleiðtogum.

Myndir má nálgast á heimasíðu embættisins.

23. janúar 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).